

BORGARRÁÐ 11. nóvember 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við niðurstöðum starfsánægjukönnun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í nóvember 2021 - R21030227

Í kjölfarið af niðurstöðum starfsánægjukannanna sem komu afar illa út fékk fulltrúi Flokks fólksins fréttir af því að slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu hafi farið í samstarf við Empower. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig hefur verið brugðist við þessum niðurstöðum núna þegar nóvember er að verða hálfnaður? Í ljósi þess að niðurstöður sýndu alvarlega stöðu hjá fyrirtækinu er varðar líðan starfsfólks er spurt hvort ekki sé rétt að gerð verði heildarúttekt á trausti starfsfólks til stjórnenda slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu?